

ingu fyrir þau samkvæmt 219. gr. hinna almennu hegningarlaga, þó þannig, að hegningin skal ákveðin 50 kr. sekt til landssjóðs eða til vara 15 daga einfalt fangelsi. Málskostnaðarákvæði bæjarþingsdómsins samþykkjast og ber aðaláfrýjanda einnig að greiða gagnáfrýjanda 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjandi bæjarþingsdómur á að vera óraskaður, þó þannig, að hin ídæmda hegning skal ákveðin 50 kr. sekt til landssjóðs eða 15 daga einfalt fangelsi, ef sektin eigi er greidd í tækan tíma. Aðaláfrýjandi, Hannes ritstjóri Þorsteinsson, greiði gagnáfrýjanda, Kristjáni yfirdómara Jónssyni, 20 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 26. októbermán.

Nr. 15/1903:

P. Stangeland  
gegn

Birni Stefánssyni.

D ó m u r:

Mál þetta var í héraði höfðað af Birni Stefánssyni, bónda í Dölum, gegn kaupmanni P.

Stangeland á Búðum í Fáskrúðsfirði, til innheimtu á verzlunarinneign að upphæð 73 kr. 55 a., og var því ráðið til lykta með aukaréttardómi Sudur-Múlasýslu, uppkveðnum 5. sept. f. á., með þeim úrslitum, að P. Stangeland skyldi greiða Birni Stefánssyni 73 kr. 55 a. með 5% ársvöxtum frá 7. des. 1901 til borgunardags, og 70 kr. í málskostnað. Dómi þessum hefir P. Stangeland skotið til yfirréttarins með stefnu, ítgefinni 18. marz þ. á., og krafist þess, að dómurinn verði úr gildi feldur, að áfrýjandi verði alsýknaður í málinu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi. Stefndi Björn Stefánsson hefir af sinni hálfu krafist þess, að aukaréttardómurinn verði staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi með nægilegri upphæð eftir mati réttarins.

Í vörn sinni í máli þessu í héraði hefir áfrýjandi afdráttarlaust kannast við það, að hann hafi skuldað stefnda 7. desbr. 1901 í verzlunarviðskiftum þeirra 73 kr. 55 a.; kæra til sáttanefndar í máli þessu var gefin út 11. s. m., og birt hinn 17., en deginum áður tjáist kærði hafa borgað upphæðina »til Björns Stefánssonar hjá Olgeir verzlunarstjóra Friðgeirssyni og tilkynt honum það samstundis«. Þessi greiðsla, sem framför eftir að málssókn var byrjuð af hálfu stefnda, var þýðingarlaus, þar sem ekkert er komið fram um það í málinu, að Olgeir Friðgeirsson hafi haft heimild



til að veita skuldinni móttöku fyrir hönd stefnda og kvitta fyrir hana, svo gilt væri. Með því að áfrýjandi annars hefir eigi haft neina vörn fyrir sig að bera í máli þessu, verður að fallast á það, að héraðsdómarinn hefir dæmt hann til að greiða áminstar 73 kr. 55 a. En vextir verða eigi dæmdir stefnda til handa af upphæðinni, með því að þeirra er eigi getið í sáttakærunni, þar sem krafa hans þó er sundurliðuð. Eftir atvikum málsins er rétt að áfrýjandi borgi málskostnað í héraði, og með því að hann hefir eigi sýnt fram á það, að málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins sé of hátt, þá skal það staðfest. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi og að greiða málskostnað fyrir yfirdómi til stefnda, sem ákveðst 25 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal óraskaður vera, þó svo, að ákvæði dómsins um ársvexti af skuldinni falli burtu. Áfrýjandi P. Stangeland greiði stefnda Birni Stefánssyni 25 krónur sem málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.